



# Leiðbeiningar um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum



Mars 2025

**Útgefandi:** Umhverfis- og orkustofnun

**Útgáfunúmer:** UOS-2025:09

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

**[www.uos.is](http://www.uos.is)**

# 1 Leiðbeiningar um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum

## 1.1 Lagagrundvöllur

Leiðbeiningar þessar eru útbúnar samkvæmt reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi barna og annarra í leik og umgengni við þar til gerð leikvallatæki eða leiksvæði með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt. Reglugerðin er sett á grundvelli 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og markaðsgæslu.

Reglugerðin gildir um öryggi leiksvæða og leikvallatækja og annarra tækja sem börn nota til leikja á skipulögðum leiksvæðum og eftirlit með þeim, hvort sem um er að ræða tímabundna starfsemi eða til frambúðar. Reglugerðin gildir einnig um skapandi leiksvæði.

Í 8. gr. er fjallað um hreinlæti. Í 2. mgr. 8. gr. stendur að um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skuli fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

## 1.2 Skilgreining

Sandkassasandur er fínn og hreinn sandur sem þarf að hafa þá eiginleika að þjappast og mótast við meðhöndlun. Æskileg kornastærð 0-1,25 mm.

## 1.3 Leiðbeiningar

### 1.3.1 Frágangur sandkassa

Við frágang sandkassa skal þess gætt að öryggi og aðgengi notenda sé sem best tryggt og ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um aðgengi sé fylgt í hvívetna.

Til að tryggja hreinlæti í sandkassa er æskilegt að birgja sandkassa þegar þeir eru ekki í notkun og reyna þannig að koma í veg fyrir að kettir og önnur dýr komist í sandinn. Víða eru notuð net með góðum árangri sem draga má yfir sandkassann.

Sé sandkassi byggður úr timbri skal viðarvörn og málning vera samkvæmt reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því varðar efni (REACH) og leiðbeiningablöðum RB um yfirborðsefni fyrir viðarfleti utanhúss.

Frágangur við allar festingar skal vera þannig að þær skagi ekki út og geti ekki valdið meiðslum.

### 1.3.2 Viðhald sandkassa

Viðhalda skal öllu timburvirki svo ekki verði óhöpp vegna fúa eða slits í timburvirki. Hreinsa þarf sandinn af öllum aðskotahlutum, bæta sandi í sandkassann eftir þörfum og tryggja gæði sandsins til leikja.

Sandkassasandur þarf að vera hreinn og má ekki skilja eftir lit í fötum. Hann þarf að formast vel, en ekki innihalda leiragnir eða rokgjarnar fínagnir. Tryggja þarf að sandurinn sé hreinn, þ.e. án hættulegra aðskotahluta.

Rekstraraðili leiksvæðis skal sjá til þess að sandsvæðið sé hreint og án hættulegra aðskotahluta.

### 1.3.3 Sandskipti í sandkössum

Rekstraraðili leiksvæðis skal tryggja gæði sandsins og sjá til þess að sandi sé bætt í sandkassa og skipt út eftir þörfum. Ef sandinum er haldið hreinum og sandkassanum haldið lokuðum að næturlagi fyrir kattaágangi o.fl. er ekki þörf á sandskiptum nema gæði og hreinleiki rýrni af öðrum ástæðum. Á leiksvæðum þar sem sandkassi er opinn að næturlagi er mælt með að skipta út sandi árlega, helst að vori.

Upplýsingar um sandskipti skulu færð inn í rekstrarhandbók leiksvæðis.

Sandkassinn þarf að vera þannig staðsettur að akstursfært sé að minnst einni hlið til að tryggja örugga aðkomuleið fyrir sandskipti.

## 2 Ítarefni

Öryggisvísir leiksvæða - Umhverfis-og orkustofnun

[https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Hollustuhaettir/oryggisvisir\\_2004.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Hollustuhaettir/oryggisvisir_2004.pdf)

Leikvallatæki – Skoðunarhandbók, Umhverfis- og orkustofnun

<https://ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/handb%C3%B3k%20um%20leikvallat%C3%A6ki%202011.pdf>